

Blönduósbær
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Reykjavík, 21. september 2020
UST202009-113/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hrútey

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Blönduósbæjar, dagsett 9. september 2020, um leyfi til framkvæmda í fólkvanginum Hrútey.

Hrútey í Blöndu var friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 521/1975. Óheimilt er að raska bergmyndunun á svæðinu. Allt jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu. Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að endurbæta aðkomu að Hrútey í Blöndu. Gera á nýja göngubrú yfir í Hrútey, en gert er ráð fyrir færa brúarstæðið til austurs. Núverandi göngubrú er orðin skemmd og hættuleg og það þarf að skipta henni út. Stefnt er að því nýta gamla stálbitabrú en setja þarf nýja stólpa undir hana og viðbótartengingu til að bæta aðgengi landmegin. Til að bæta aðgengi og færa brúarstæðið þarf að fleyga úr klöpp vegna steypuvinnu. Áætlað er að framkvæmdir fari fram á tímabilinu september 2020 – júní 2021.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á svæðið þar sem aðgengi verður bætt og skipt verður út brú sem er orðin hættuleg. Enn fremur er staðsetning nýju brúarinnar rétt við neðsta bílastæði, næst Blöndu, en það er ætlað fyrir hreyfihamlaða og auðveldar nýja brúin aðgengi hreyfihamlaðra í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/210 og skipulagslög nr. 123/2010. Framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á kletta á árbakka Blöndu sem munu fara undir stöpla brúarinnar. Óhjákvæmilegt er að gestir verði fyrir einhverjum truflunum þar sem m.a. þarf að fleyga klappir og líklegt er að framkvæmdin hafi tímabundin áhrif á hljóðvist í Hrútey.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Blönduósbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir brúargerð í Hrútey sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu september 2020 – ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka utan vegar innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför eins og hægt er utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að trufla dýralíf. **Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla frá maí – júní.**
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Upplýsa skal gesti svæðisins um framkvæmdina á leiðbeinandi skiltum við athafnarsvæðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa gæti þurft samráð við Minjastofnun.

Hafa skal samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur